Barnalækningar

Höfuð og háls

Aðgerð		Líklegir sýkingavaldar	Ráðlegging	Rannsóknarviðmið	Gæðamat rannsókna
Aðgerð á heila (craniotomia)	B	Stafýlókokkar, húðflóra	**Mælt er með** varnandi sýklalyfjagjöf. Cefazólín 25mg/kg i.v. x 1, meðferðarlengd einstaklingsbundin.		1++
Samveita (shunt), CSF ventill	A	Stafýlókokkar, húðflóra	**Mælt er með** varnandi sýklalyfjagjöf. Cefazólín 25mg/kg i.v. x 1, en mest í 24 klst.	Sára- og samveitusýking	1+
Aðgerð á hrygg og mænu	B	Stafýlókokkar, húðflóra	**Mælt er með** varnandi sýklalyfjagjöf. Cefazólín 25mg/kg i.v. x 1, en mest í 24 klst. Ráðleggingin byggir á niðurstöðum rannsókna á fullorðnum.		1++
Hálskirtlataka	√		**Ekki er mælt með** varnandi sýklalyfjagjöf. Engar rannsóknir styðja gagnsemi varnandi sýklalyfjagjafar.		
Skarð í vör og klofinn gómur	√	Munnflóra	**Mælt er með** varnandi sýklalyfjagjöf við stærri inngrip á klofnum gómi.		
Nefkirtlataka	A		**Ekki er mælt með** varnandi sýklalyfjagjöf.		1+
Ísetning á langtíma rörum í eyra (grommet)	B		**Mælt er með** varnandi sýklalyfjagjöf. Mælt er með einum skammti af sýklalyfjasmyrsli (cíprófloxacín eyrnadropar eða HTP).	Útferð úr eyra	1++,1+, 2++

Brjósthol

Opin hjartaaðgerð	D	Húðflóra	**Mælt er með** varnandi sýklalyfjagjöf. Cefazólín 25mg/kg i.v. x 1,en mest í 48 klst. Ráðleggingin byggir á niðurstöðum rannsókna á fullorðnum.		2+
Lokað hjartainngrip (hreint)	√		**Ekki er mælt með** varnandi sýklalyfjagjöf.		
Interventional hjartaaðgerðir (catheter device placement)	√	Húðflóra	**Eindregið er mælt með** varnandi sýklalyfjagjöf, Cefazólín 25mg/kg i.v., mest í 48 klst. Ráðleggingin byggir á niðurstöðum rannsókna á fullorðnum þar sem inngripið felur í sér innsetningu ítarhlutar.		4

Meltingarvegur					
Botnlangataka	A	G neikv. stafir, loftfælur	**Eindregið er mælt með** varnandi sýklayfjagjöf, cefúroxím 30mg/kg i.v.x 1, og metrónídazól 15 mg/kg i.v. x 1. Meðferð í 24 klst. við drepi. Meðferð í 3-5 sólarhringa við sprungnum botnlanga.	Sárasýking og ígerð í kviðarholi	1++
Aðgerð á ristli og endaþarmi	B	G neikv. stafir, loftfælur	**Eindregið er mælt með** varnandi sýklayfjagjöf, cefúroxím 30mg/kg i.v.x 1, og metrónídazól 15 mg/kg i.v. x 1. Ráðleggingin byggir á niðurstöðum rannsókna á fullorðnum.		1++
PEG ísetning	B	Húðflóra	**Mælt er með** varnandi sýklalyfjagjöf. Cefazólín 25mg/kg i.v. x 1. Ráðleggingin byggir á niðurstöðum rannsókna á fullorðnum.		1+
Miltistaka	√		**Ekki er mælt með** varnandi sýklalyfjagjöf.		
Þvag og kynfæri					
Umskurður, valbundinn	√		**Ekki er mælt með** varnandi sýklalyfjagjöf.		
Viðgerð á hypospadias	B	Stafýlókokkar, G neikv. stafir	**Mælt er með** varnandi sýklalyfjagjöf. Cefazólín 25mg/kg i.v. x 1.	Þvagfærasýking og sárasýking	1+
Vatnshaull/kviðslitsaðgerð	C		**Ekki er mælt með** varnandi sýklalyfjagjöf. Ráðleggingin byggir á niðurstöðum rannsókna á kviðslitsaðgerðum hjá fullorðnum.		1++
Hljóðbylgju steinbrot	B		Við ósýkta steina**, íhuga** varnandi sýklalyfjagjöf**.** Ráðleggingin byggir á niðurstöðum rannsókna á fullorðnum.		1++
Nýrnasteinsbrottnám, aðgerð	C		**Mælt er með** varnandi sýklalyfjagjöf. Ráðleggingin byggir á niðurstöðum rannsókna á fullorðnum.		1+
Steinn brotinn/fjarlægður úr þvagleiðara endóskópiskt	C		Við ósýkta steina**, íhuga** varnandi sýklalyfjagjöf**.** Ráðleggingin byggir á niðurstöðum rannsókna á fullorðnum.		1+, 2+
Blöðruspeglun	√		**Ekki er mælt með** varnandi sýklalyfjagjöf. Íhuga gjöf á varnandi sýklalyfi ef mikil hætta er á þvagfærasýkingu.		
Nýrnabrottnám	√		**Ekki er mælt með** varnandi sýklalyfjagjöf.		

Aðgerð á nýrnaskjóðu	√	**Mælt er með** varnandi sýklalyfjagjöf. Ráðleggingin byggir á niðurstöðum rannsókna á hreinum-menguðum aðgerðum á fullorðnum.	4
Aðgerð vegna bakflæðis frá blöðru í þvagleiðara (endóskópísk eða opin aðgerð)	√	**Mælt er með** varnandi sýklalyfjagjöf. Ráðleggingin byggir niðurstöðum rannsókna á fullorðnum á aðgerðum sem fela í sér ísetningu ítarhlutar.	4
Inngrip án aðgerðar			
Æðaleggjaísetning án aðganga (tunnel)	D	**Ekki er mælt með** varnandi sýklalyfjagjöf. Ráðleggingin byggir á niðurstöðum rannsókna á fullorðnum.	4
Æðaleggjaísetning með aðgögnum (tunnel)	A	**Ekki er mælt með** varnandi sýklalyfjagjöf. Ráðleggingin byggir á niðurstöðum rannsókna á fullorðnum.	1++
Almennt			
Hreinar-mengaðar aðgerðir þegar engar sértækar rannsóknir liggja fyrir	D	**Mælt er með** varnandi sýklalyfjagjöf. Cefazólín 25mg/kg i.v. x 1 við innleiðslu svæfingar.	4
Ísetning á ítarhlut eða implanti þegar engar sértækar rannsóknir liggja fyrir	D	**Mælt er með** varnandi sýklalyfjagjöf. Cefazólín 25mg/kg i.v. x 1 við innleiðslu svæfingar.	4
Ef alvarlegt penicillin ofnæmi			
Við aðgerðir þar sem húðflóra er líklegur sýkingavaldur þá gefa klindamýcin i.v. á 6 klst fresti þar sem þörf er á fleiri en einum skammti			
Við aðgerðir þar sem Gram neikvæðir stafir koma við sögu er ráðlagt að hafa samráð um lyfjaval við smitsjúkdómalækni eða sýklafræðing			